

VELKOMIN



í leikskólann **KIRKJUGERÐI**



Leikskólinn Kirkjugarði

Dalhrauni 1

900 Vestmannaeyjar

Sími: 488-2280 Fax: 488-2281

Netfang: kirkjug@vestmannaeyjar.is

Veffang: <http://leikskolinn.is/kirkjugerdi>

Nafn barns _____

Nafn deildar _____

Deildarstjóri _____

Leikskólakennarar og leiðbeinendur _____

Leikskólastjóri _____

Aðstoðarleikskólastjóri _____

Formaður foreldraráðs _____

Aðgangsorð þitt á heimasíðu leikskólans er _____



Saga leikskólans

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur 1974 fyrir gjafafé frá Hjálparstofnun kirkjunnar. Hann var upphaflega tveggja deilda leikskóli. Árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði leikskólinn verið stækkaður um 563 fermetra. Kirkjugerði var orðinn fjögurra deilda leikskóli með ágætis starfsmannaaðstöðu.

Kirkjugerði var frá upphafi rekið sem hálf dagsleikskóli og komu börnin með nesti að heiman. Árið 1998 var farið að gefa kost á meiri sveigjanleika í vistun, sem leiddi af sér að tvær deildir leikskólans bjóða upp á sveigjanlegan vistunartíma og tvær eru með heildagsvistun. Á svipuðum tíma var farið að bjóða uppá morgunmat, hádegismat og nónhressingu í leikskólanum. Vorið 2010 tók Kirkjugerði við rekstri leikskóladeildarinnar í



Hamarsskóla sem er deild fyrir 5 ára gömul börn. Kirkjugerði er því 6 deilda skóli. Til að tengja leikskóladeildina í Hamrasskóla við Kirkjugerði kallast hún Víkin sem er góð tenging við starfið okkar. Þar sem á Kirkjugerði er unnið með örnefni og bera deildirnar á Kirkjugerði nöfn vika á Heimaey, Klettsvík, Kópavík, Prestavík og Höfðavík. Deildarnar í Víkinni heita Vilhjálmsvík, Eysteinsvík og Stafnsnesvík.

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og



ókunnugt. Því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Meðan á aðlögun stendur kynnist barnið aðstæðum í leikskólanum, starfsfólki og börnunum á deildinni. Þannig öðlast barnið öryggiskennd áður en það er skilið eftir. Einnig gefur þetta foreldrum innsýn í starfið og



þeir kynnst starfsfólki deildarinnar.

Foreldri/forráðamaður er í upphafi leikskólagöngu boðaður í viðtal án barnsins, þar sem veittar eru upplýsingar um leikskólann frá deildarstjóra. Aðlögun tekur u.þ.b. 5 daga en getur orðið lengri allt eftir því hvernig gengur.

Koma og fara

Þegar barn mætir í leikskólann er ætlast til að foreldrar/forráðamenn fylgi barninu inn á deild og láti starfsfólk vita, það sama á við þegar barn yfirgefur leikskólann. Börnum yngri en 12 ára er ekki heimilt að koma með né sækja börn í leikskóla, jafnvel þó um systkin sé að ræða.

Matar- og hvíldartími.

Frá kl. 11:00-13:00 er matar- og hvíldartími. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að raska sem minnst þessum tíma. Ef barn þarf að koma eða fara á þessum tíma, vinsamlegast látið starfsfólk vita.

Fatnaður

Klæðnaður barnsins þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis. Gott er að barnið sé í þægilegum klæðnaði sem heftir það ekki í leik og starfi. Vinsamlegast merkið allan fatnað barnsins.

Útivera

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Íslensk veðráttá er rysjótt og um-hleypingasöm og því fáum við ekki breytt. Þess vegna er börnum hollast að venjast veðráttunni eins og hún er frá blautu barnsbeini. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist fremur við útiloft en innloft. Börn sem dvelja mikið inni að óþörfu eru kulsælli en þau börn sem vön eru útiveru. Börn sem dvelja langdvölum innandyra í leikskóla missa einnig af hollri hreyfingu og eðlilegu samneyti við félagá sína.



Veikindi

Ekki er leyfilegt að koma með veikt barn í leikskólann. Barn sem hefur verið veikt þarf að vera hitalaust heima í einn sólarhring áður en það mætir í leikskólann. Ef barn þarfnast inniveru eftir veikindi þurfa foreldrar að ræða það við starfsfólk deildarinnar, **venjan er einn dagur, ef þörf krefur.**



Fái barnið smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitssemi gagnvart öðrum börnum. Eru foreldrar/forráðamenn vinsamlegast beðnir að virða þessa reglu. Vinsamlegast látið vita ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða annarra ástæðna.

Tilkynningar um veikindi eða aðrar fjarvistir.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna veikindi eða aðrar fjarvistir í síma leikskólans 488-2280 eða á netfang skólans kirkjug@vestmannaeyjar.is

Afmælis- og tilbreytingadagar

Einu sinni í mánuði er haldin veisla fyrir afmælisbörn mánaðarins og sér leikskólinn alfarið um það. Í hverjum mánuði er einhver tilbreyting fyrir börnin s.s. dótadagur, fagnaðarfundur, opið á milli deilda o.fl. skemmtilegt. Tilbreytingadagar eru auglýstir sérstaklega á dagatali leikskólans.

Boðskort

Í tengslum við afmæli er **EKKI** leyfilegt að setja boðskort í hólfi einstakra barna. Þetta veldur oft leiðindum hjá þeim börnum sem ekki fá boðskort. Deildarstjóri er

tilbúinn að láta í té símanúmer eða heimilisföng barna ef foreldrar óska þess.



Dvalarsamningur

Þegar barn byrjar í leikskólanum er gerður dvalarsamningur, sem foreldrum/forráðamönnum ber að virða. Þótt barnið sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólaplássið



nema um annað sé samið. Einn mánuður á ári er gjaldlaus, það miðast við 4 vikna samfellt sumarleyfi barnsins. **Vinsamlegast virðið vistunartíma barnsins.**

Breyting á dvalartíma

Ef foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma, sækja þeir um það hjá deildar- eða leik-

skólástjóra á þar til gerðum eyðublöðum.

Niðurfelling á fæðisgjaldi

Hægt er að sækja um niðurfellingu á fæðisgjaldi vegna fjarveru barns. Það þarf að berast leikskólanum með a.m.k. viku fyrirvara og þarf tímabilið að vara í 4 vikur eða lengur.

Uppsögn á leikskólagöngu

Uppsagnarfrestur er einn mánuður. Fylla þarf út þar til gert eyðiblað sem hægt er að nálgast hjá deildar- eða leikskólástjóra. Uppsagnarfrestur vegna vangreiddra leikskólagjalda er einn mánuður.

Sérfræðipjónusta

Samkvæmt lögum og reglugerð um starfsemi leikskóla er sveitarfélögum skylt að sjá leikskólum fyrir ráðgjafar- og sérfræðipjónustu. Leikskólar Vestmannaeyjabæjar hafa aðgang að þroskaþjálfara, talmeina- og sálfræðingi.

Slys

Í leikskólanum má alltaf búast við slysum/óhöppum þar sem stór hópur barna er saman kominn. Sé um meiriháttar meiðsli að ræða er haft samband við foreldra og þau sjá um að fara með barnið á heilsugæsluna, ef ekki næst í þau fer starfsmaður leikskólans. Leikskólinn greiðir fyrstu heimsókn til læknis .



Lyfjagjafir

Ef barnið þarf á lyfjum að halda, ber að haga lyfjagjöf þannig að þau séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undan-

tekning á þessu eru astmalyf og einnig er þörfin metin í hverju tilfelli fyrir sig.

Starfsmanna- og deildafundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Leikskólaneuð er lokað 6 sinnum á ári kl.12:00 vegna starfsmanna- og deildafunda. Einnig er leikskólinn lokaður 3 daga á ári vegna skipulags- og námskeiðsdaga.

Þessir dagar eru nýttir til að undirbúa, skipuleggja og meta starfið og til endurmenntunar. Þeir eru auglýstir með mánaðar fyrirvara á leikskólunum, á heimasíðu skólans og dagatali sem sent er heim.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf á að stuðla að velferð barnanna en gott samstarf er ein af forsendum þess að dvöl barns í leikskóla verði árangursrík og að barnið geti notið þess sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Samstarf starfsmanna og foreldra fer aðallega fram í daglegum samskiptum, þegar komið er með börnin og þau sótt.

Foreldrafundir eru haldnir tvisvar á ári, hópfundur að hausti og einstaklingsviðtöl að vori. Fréttabréf leikskólans er gefið út nokkrum sinnum á ári.

Foreldraráð-/foreldrafélag er starfandi við leikskólann og hittist stjórn þess reglulega. Aðalfundur foreldrafélagsins er að vori.

Heimasíða og netfang

Leikskólinn heldur úti heimasíðu. Inn á síðuna eru settar inn tilkynningar, fréttir og myndir af starfinu. Á heimasíðunni má finna námsskrá Kirkjugerðis. Veffang síðunnar er: <http://leikskolinn.is/kirkjugerdi>



